

AÐALFUNDUR 2021

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

5.0

AFGREIÐSLA MARKMIÐA OG STARFSÁÆTLUNAR NÆSTA ÁRS

Helstu áherslur í starfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2021-2022

lagðar fram á aðalfundi Fíh 26. maí 2021

Forysta til árangurs

Starfssvið hjúkrunarfræðinga tekur mið af stefnu félagsins og heilbrigðisstefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030. Þar skipa hjúkrunarfræðingar sér í forystu við skipulagningu heilbrigðisþjónustu og veitingu hennar á öllum þjónustustigum. Hjúkrunarfræðingar eru lykilaðilar í að veita rétta þjónustu, á réttum tíma og á réttum stað. Áhersla verður á að efla leiðtoga í hjúkrun samkvæmt Alþjóðaráði hjúkrunarfræðinga (ICN) og Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO). Þá verður unnið að því að endurvefja stöðu yfirhjúkrunarfræðings (e. Government Chief Nursing Officer; GCNO) innan stjórnarsýslunnar.

Þjónusta og fræðsla

Á árinu verður framkvæmd þjónustukönnun meðal félagsmanna og stafrænt þjónustuviðmót bætt. Lögð verður áhersla á að styðja hjúkrunarfræðinga sérstaklega fyrstu tvö árin í starfi, veita ráðgjöf við starfslok og erlendum hjúkrunarfræðingum stuðning. Félagið mun áfram styðja frekari menntun hjúkrunarfræðinga.

Kjaramál og starfsumhverfi

Tímamótabreytingum á styttingu vinnuvikunnar verður fylgt eftir með öflugu fræðsluefni og ráðgjöf. Áhersla verður lögð á áframhaldandi stuðning við trúnaðarmenn og þá sérstaklega trúnaðarmannaráð. Unnin verður könnun um öryggismál í starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga og henni fylgt eftir með viðeigandi hætti. Komið verður á öflugu fræðslustarfi um vinnuvernd og öryggismál í starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrun og samfélagið

Unnið verður áfram að því að gera störf hjúkrunarfræðinga sýnilegri í íslensku samfélagi og áhersla lögð á mikilvægi þeirra. Áhersla verður einnig á að draga úr kynjahalla innan stéttarinnar þar sem nauðsynlegt er að hjúkrunarfræðingar endurspegli fjölbreytileika skjólstaðinga sinna. Félagið mun gera könnun á viðhorfi hjúkrunarfræðinga og almennings til karlkyns hjúkrunarfræðinga. Lögð er áhersla á nýsköpun og eflingu vísindarannsókna í hjúkrun.